

Nd.

576. Nefndarálit

[219. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu, sem felst í tillögu nefndarinnar á sérstöku þingskjali.

Nefndin hefur leitað álits einstakra háskóladeilda um frv. svo og Stúdentaráðs og fengið til viðtals rektor Háskóla Íslands, Guðlaug Þorvaldsson prófessor. Það skal tekið fram, að eigi bárust álitsgerðir frá öllum háskóladeildum, en það er sammerkt með þeim álitsgerðum, sem bárust, að deildir Háskólans lýsa sig í meginatriðum samþykkar efni frv. Þó kemur í ljós, að innan Háskólans eru að einhverju leyti skiptar skoðanir um prófdómarafyrirkomulagið. Samt virðist einsýnt, að mjög almennt á sú stefna frv. fylgi að fagna, að fækkað verði þeim tilfellum þar sem prófdómarar eru skipaðir til starfa. Jafnframt er lögð áhersla á að kennarar Háskólans geti óskað skipunar prófdómara, þegar þeim þykir sérstök ástæða til. Hefur nokkur ágreiningur staðið um skýrleik orðalags frv. um það tiltekna atriði. Til þess að taka af tvímæli leggur menntamálanefnd til, að orðalagi 10. gr. 2. mgr. i. f. verði breytt svo að í staðinn fyrir orðalagið: „Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi” komi: „Einnig getur kennari óskað skipunar prófdómara í einstakri prófgrein eða prófbætti, ef hann telur sérstaka ástæðu til þess.” Með þessu orðalagi ætti að vera ljóst, að kennari á þess kost að óska skipunar prófdómara til þess að dæma um úrlausnir allra stúdenta í hlutaðeigandi prófgrein eða prófbætti, en ekki einungis eins stúdents eða fárra, eins og orðalag frv. gaf tilefni til að ætla.

Stúdentaráð er meðmælt samþykkt frv.

Forseti heimspekideildar, Bjarni Guðnason prófessor, gerir þá sérstöku athugasemd við 1. gr. frv., að sér finnist að svonefndir „hlutadósentar“ og „hlutalektorar“ í læknadeild, sem „skili 37% vinnu til Háskólans”, ættu ekki að hafa atkvæðisrétt við rektorskjör.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Ingvar Gíslason,
form., frsm.

Sigurlaug Bjarnadóttir,
fundaskr.

Svava Jakobsdóttir.

Ólafur B. Óskarsson.

Gunnlaugur Finnsson.
Ellert B. Schram.

Magnús T. Ólafsson.